

ANTIÐVA EHF 2019

Bessastaðir og Lambhús

Breytingartillaga deiliskipulags á Bessastöðum

Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Skólavegurinn [454] heim að Bessastöðum.

Forsíðumynd: Bessastaðir tekin með flygildi. Ljósmyndari Dag-Øyvind Engtrø Solem.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning:

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer:

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundi nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Ljósmyndaskrá	4
Inngangur	5
Breytingartillaga deiliskipulagið	7
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	11
Jarðar og fornleifanúmer	11
Tegund, hlutverk og heiti.....	11
Staðsetning.....	11
Staðhættir og lýsing.....	12
Hættumat	12
Mótvægisáðgerðir	12
Fornleifar	14
Garður [453] garðlag	14
Skólavegur [454] gata leið.....	15
Vörðurnar [468] heimild.....	15
Fornleifar frá 1998	16
Framkvæmdarsvæði og skurðir	16
Helstu niðurstöður fornleifarannsóknar	17
Niðurstöður.....	18

Ljósmyndaskrá

Mynd 1 Skólavegurinn [454] heim að Bessastöðum.	2
Mynd 2 Sýnir deiliskipulagsreitinn.	7
Mynd 3 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.	10
Mynd 4 Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.	13
Mynd 5 Garður [453]	14
Mynd 6 Skólavegur [454], loftmyndin sýnir best varðveita hlutann af leiðinni.	15
Mynd 7 Yfirlitskort sem sýnir uppgriftarsvæði og deiliskipulagsreitinn.	16
Mynd 8 Kortið sýnir skipulagsreitinn og bláa reiti þarf er líkur á mannvistaleifum, blái reiturinn sunnan heimreiðarinnar þarf sérstaklega skoða áður en farið er í framkvæmdir.	19

Inngangur

Unnið er að breytingartillögum á deiliskipulagi fyrir Bessastaði af Hornsteinum ehf. og var skýrsluhöfundur beðinn að skrifa skýrslu um svæðið vegna fornleifarannsóknna sem fóru fram haustið 2018. En hluti af fornleifarannsókninni var innan deiliskipulagssvæðisins sem breytingartillagan nær til. Þessi skýrsla er ekki uppgriftarskýrsla, en úrvinnsla úr gögnum fornleifarannsóknarinnar stendur enn yfir. Enn fremur er skýrslan ekki tæmandi fornleifaskráning fyrir Bessastaðaland.

Ekki lá fyrir fornleifaskráning Bessastaða fyrir gildandi deiliskipulag frá 1999¹, en síðan þá hefur verið gerð svæðisskráning, *Menningarminjar í Bessastaðarhreppi* árið 2004.² Sú skráning er ekki fullnægjandi enda ekki farið á vettvang en fjöldinn allur af minjum er skráður í landi Lambastaða og Bessastaða í skýrslunni. Minjastofnun Íslands hefur síðan þá mótað staðla sem ber að skrá eftir og er því sú skrá ekki fullnægjandi.³

Ekki hefur enn verið gerð heildarfornleifaskráning fyrir Bessastaðaland en gildandi deiliskipulag nær yfir allt Bessastaðaland en þessi skýrsla tekur aðeins til þess hluta sem breytingartillagan á við um. Í landi Bessastaða er að finna fjöldann allan af fornleifum á Bessastaðanesi en líka norðan og sunnan við bæjarstæði Bessastaða, auk þess sem friðlýstar minjar er að finna á nesinu, virkið Skansinn. Áætlaður fjöldi minja í landi Bessastaða er 30 til 40 fornleifar.

Á svæðinu sem framkvæmdir fóru fram á og breytingartillaga deiliskipulags tekur til, voru þekktar fornleifar; bæjarstæði Lambhúsa, túngarður Lambhúsa, stjörnuathugunarstöðin, skólavegurinn, garðlag og fornleifar sem fundust við rannsókn 1998.⁴

¹ Í gildi er deiliskipulag sem samþykkt í sveitarstjórn Bessastaðahrepps þann. 1. júlí 1999.

² Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir, 2004. *Menningarminjar í Bessastaðarhreppi*. FS226-03211. Fornleifastofnun Íslands.

³ <http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/leidbeiningarit/>

⁴ Agnes Stefánsdóttir, Björn Stefánsson og Sigurður Bergsteinsson 1998. Bessastaðir. Þrjár smá rannsóknir. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Það svæði sem þarf að huga að núna við breytingartillöguna er sunnan við heimreiðina og vestan við kirkjuna (sjá kort 1) það eru allar líkur á því að þar séu fornleifar og er ekki hægt að fara í þær breytingar án þess að svæðið sé kannað áður.

Skýrsluhöfundur var beðinn um að taka að sér að rannsaka fornleifar sem höfðu komið í ljós vegna framkvæmda á Bessastöðum 14. ágúst sl. símleiðis af Bjarna Stefánssyni hjá Vegagerðinni. Minjar höfðu komið í ljós vegna framkvæmda við stækkun á heimreiðinni að Bessastöðum og hafði Minjastofnun verið gert viðvart af Völu Garðarsdóttur, fornleifafræðingi, um fornleifar sem væri að sjá á svæðinu sem hafði verið grafið upp með vélgröfu. Í framhaldi af því hafði Þór Hjaltalín, minjavörður Reykjaness, samband við Vegagerðina og stoppaði allar framkvæmdir þar til búið væri að leggja mat á þær minjar sem höfðu komið fram við framkvæmdina. Hann kom síðan á vettvang föstudaginn 21. ágúst með Kristínu Huld Sigurðardóttur, forstöðumanni Minjastofnunar Íslands, og var svæðið skoðað á vettvangi ásamt eftirlitsmanni framkvæmda, Ásbergi Konráði Ingólfssyni frá VSÓ.


Skýrsluhöfundur og fornleifafræðingar höfðu þá byrjað að kanna svæðið til að leggja mat á umfang, eðli og aldur minjanna. Eftir nokkurra daga vinnu kom Sigurður Bergsteinsson, sérfræðingur frá Minjastofnun Íslands, á vettvang til að skoða hvað hafði komið í ljós við hreinsun og þá var okkur það ljóst að minjarnar væru mjög umfangsmiklar.

Fornleifarannsóknin fór fram 14. ágúst – 31. október og síðan aftur í 12. - 22. desember.

Stærsta framkvæmdasvæðið er norðan við heimreiðina á Bessastaði og er lengd skurðsins sem var grafinn 291,73 m og breidd er ca 4,5-6 m. Víðast hvar mátti sjá mannvistarlög. Auk þess voru grafnir skurðir á fleiri stöðum til að kanna hvort fornleifa væri að vænta þar.

Ekki hefur verið grafið alls staðar niður fyrir stækkuninni á heimreiðinni eða kannað hvort minjar væru undir bílaplaninu en þegar rannsókn hófst var búið að fylla upp allt það svæði sem bílaplanið er auk þess að fylla upp í hluta af heimreiðinni. Þar mátti sjá að minjar færu undir nýlagð malarplan.

Breytingartillaga deiliskipulagið



Mynd 2 Sýnir deiliskipulagsreitinn.

Á teikningum frá Hornsteinum ehf. eru fyrirhugaðar breytingar norðan við heimreiðina og vestan við kirkjuna og sunnan heimreiðar. Hluti af breytingunum hafa nú þegar farið fram gerð bílastæði norðan við heimreiðina er að mestu lokið.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar samkvæmt 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal samkvæmt 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-,

húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskonnnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.



Mynd 3 Skjaskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna eru minjar flokkaðar undir Bessastaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og kort gerð auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Jarðar og fornleifanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á t.d. „skólavegurinn [454]“ eða hlutverki þeirra t.d. „garður [554]“. Hjá sumum minjum er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Þessi númer fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Skólavegur [454], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á

loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki var búið að raska fornleifum sem eingöngu var getið um í heimildum og þær fundust við raskið. En þarna hefði það verið til góða að skrá áður.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

454, Skólavegur, Arkeologískt objekt

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

Attribute	Value
Name	Skólavegur
Class	Arkeologískt objekt
Gömul númer	GK-210:010
Sérheiti	Skólavegur
Bæjarnafn	Eyvindarstaðir
Jarðatal Johnsen	210
Flokkun	Samgönguminjar
Tegund	Gata
Leið	
Lengd	350 meter
Breidd	5 meter
Hæð	0,2 metrar
Athugasemdir	Upphlaðin vegur, víða sést grjót í köntum
Umhverfi	Mói, þýft grasið gróið móasvæði
Adalsvæði	Álftanes
Svæði	Miðnes
Túnakort	<None>
Heimildir	
Örnefnaskrá	Örnefnaskrá Eyvindastaða 1
Aldur	1500-1900
Skráning	RT-ISK
Mæling	Uppmæling
Ár	2018
Dagur	11.09.2018
Horfin	Að hluta
Horfin_astæða	Vegna ræktunar
Hættumat	Engin hættu
Hættuorso	<None>
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
GPS hnit Norður	6406427
GPS hnit Vestur	2200087

Mynd 4 Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifar



Mynd 5 Garður [453]

Garður [453] garðlag

Garður rétt sunnan við Bessastaðatjörn sem liggur upp að náttúrulegum hól [725].

Grjóthlaðinn veggur garðsins liggur 134 m í norðvestur – suðaustur upp að hól [725] og breytir þá um stefnu í norðaustur – suðvestur 20 m. Minjarnar eru vel varðveittar og eru rétt utan við skipulagsreitinn. Það hefur hvarflað að skrásetjar að þetta sé ekki garður heldur hlaðinn vegur og væri þetta þá hluti af skólaveginum. Frekari vettvangsrannsóknar er þörf.



Mynd 6 Skólavegur [454], loftmyndin sýnir best varðveita hlutann af leiðinni.

Skólavegur [454] gata leið

Skólavegur lá frá Aurvallarvegi í suðaustur yfir Beitiland að Bessastöðum og hann hélt einnig áfram norðan Aurvallavegar í átt að Landakoti segir í örnefnalýsingu.⁵ Skólavegur er einnig merktur á örnefna- og staðháttakort sem Kristján Eiríksson gerði á árunum 1976-1977 eftir örnefnalýsingum frá Álftanesi. Kortið er birt í Álftaness sögu, en þar lá svokallaður Skólavegur vestan Bessastaðatjarnar, vestan við Varpið. Enn sést móta fyrir upphlöðnum vegi sem liggur austur - vestur í móanum. Hann sést á u.þ.b. 180 m löngum kafla þegar svæðið er gengið en á loftmynd er hægt að rekja hann töluvert meira. Búið er að ræsa fram svæðið sem vegurinn liggur eftir. Það er þýft og grasi gróið móasvæði. Vegurinn er allt að 5 m breiður og 0,2 m hár. Grjót er í honum víða, þó aðallega í köntum hans. Hleðslurnar eru mjög úr lagi gengnar.⁶ Erfitt er að greina hann þegar komið er inná deiliskipulagsreitinn. Vegurinn er mjög mikilvæg heimild um skólahald á Bessastöðum og tengir Bessastaði við Eyvindastaðahverfið – Miðnesið. Sjá fyrir ofan vangaveltur hvort að garðurinn sé kannski hluti af skólaveginum.

Vörðurnar [468] heimild

Landamerki milli Eyvindastaða og Bessastaða lágu í Lambhúsveitum. Lá lína frá Grásteini, markasteinn á Brekkugranda, og út eftir Lambhúsatjörn miðri. Í örnefnaskrá segir að þar hafi


⁵ Ö-Eyvindastaðir 1.

⁶ Anna Ólafsdóttir Björnsson 34.

verið markavörður en þær séu nú horfnar.⁷ Nú hefur allt svæðið verið framræst og engar vörður er að sjá á vettvangi.

Fornleifar frá 1998

Árið 1998 fóru fram þrjár minniháttar rannsóknir á Bessastöðum og fundust minjar í öllum könnunarskurðum sem voru gerðir þá. Einn af þessum skurðum lendir rétt utan við deiliskipulagsreitinn en í honum var að finna þykk mannvistarlög sem að hluta til eru undir veginum í dag. Það svæðið er því sérstaklega viðkvæmt því ekki var hægt að ákvarða um stærð minjasvæðisins það getur því vel teygst sig langt inn í deiliskipulagsreitinn.



Mynd 7 Yfirlitskort sem sýnir uppgraftarsvæði og deiliskipulagsreitinn.

Framkvæmdarsvæði og skurðir

Fyrri framkvæmdir á svæðinu er lagning á núverandi vegi, hitaveitur og rafmagni sem hafa raskað minjum að einhverju leyti, hitaveitulögnin er lögð alveg upp við veginn og grafið fyrir

⁷ Örnefnaskrá GS.

henni niður í óhreyft en rafmagnslögnin er ca. þremur metrum frá veginum og er skurðurinn mjög mjór og ekki grafið niður í gegnum öll mannvistarlög.

Stóra skurðinum var skipt upp í 6 svæði A, B, C, D, E og F til að auðvelda yfirsýn.

Skurðir norðan við kirkjuna H,I og J

Skurður G norðan við heimreiðina en 174 m austan við stóra skurðinn.

Svæði sem ekki var grafið og búið var að leggja mól yfir áður en við komum á vettvang er frá svæði A í austur og heim að svæði G. Það er um 170 m á lengd.

Einnig var búið að gera bílastæði norðan við veginn og breikkunina. Það svæði var ekki kannað en ekki hefur verið grafið niður þar heldur sett ofan á það sem fyrir var.

Rannsóknarsvæðið var sett í Isnet93 og er allt mælt upp með alstöð og sérstakur gagnagrunnur hefur verið gerður fyrir rannsóknina í Intrasis.

Helstu niðurstöður fornleifarannsóknar

Breikkun heimreiðarinnar að Bessastöðum sumarið 2018 var stöðvuð þegar fornar minjar komu í ljós við jarðraskið. Hafði verið grafið gegnum mannvistarlög í túninu við norðurbrún vegarins þar sem Lambhús stóðu forðum. Skurðurinn var 291,73 m á lengd og 4,5 – 6 m á breidd og því miður urðu minjar fyrir spjöllum. Sjá mátti mannvistarleifar á um 144 m löngum kafla í skurðinum. Auk þess voru þrír skurðir grafnir norðan við Bessastaðakirkju. Til að auðvelda yfirsýn var stóra skurðinum meðfram heimreiðinni skipt í sex svæði og þeim gefið bókstafsheitin A, B, C, D, E, og F. Breiddin var u.þ.b. 3– 5 m í fleti og þykkt mannvistarlaga frá 40 til 80 cm. Elstu mannvistarleifarnar voru frá 10. öld og þær yngstu frá 19. öld. Með hliðsjón af torfveggjum, grjóthleðslum, mannvistar- og ruslalögum, eldstæðum, móöskulögum, soðholum og kolagröfum sem í ljós komu virðast a.m.k. 20 mismunandi mannvirki hafa staðið á þessu svæði.

Umfangsmestu minjarnar voru á svæðum A og B. A hafði að geyma mannvistarleifar frá hinum ýmsu tímum, allt frá 10. öld fram á þá 18.. Þar hafa staðið nokkur mannvirki og komu þrír veglegir torfveggir í ljós frá að minnsta kosti þremur tímaskeiðum, sá elsti frá 10. öld. Á

svæði B fundust að því er virðist í mörgum fösum ofnar, eldstæði, kolagrafir, ruslalög, brunalög og torfveggir. Leifar hér virðast vera frá 10. til 13. öld. Á svæði C voru hleðslur sem kunna að vera undan timburhúsi og taldar vera frá 18. og 19. öld. Hugsanlega er hérna kominn í leitirnar grunnurinn að stjörnuathugunarstöð frá lokum 18. aldar eða húsi frá sama tíma að Lambhúsum.


Á svæði D voru mannvistarleifar frá 17.-19. öld, að talið er, og hafði verið raskað verulega. Undir þeim komu í ljós minjar frá miðöldum. Þar fyrir neðan voru svo soðholur frá landnámi.

Á svæði E voru mannvistarleifar frá 10. öld. Grafan hafði að mestu grafið niður á óhreyft í plani við vegaframkvæmdirnar og minjar því farið forgörðum. Í sniði á 28 m kafla er samt sem áður hægt að sjá leifar eftir mannvist og torfveggi með landnámslaginu og hinu dökka gjóskulagi Katla-R, frá 920 að talið er. Auk þess eru hér merki um stoðarholu. Á svæði F voru engar mannvistarleifar en á svæði G mjög raskaðar minjar sem erfitt er að tímasetja, veggjarbrot og mannvistarleifar.

Á svæði H við kirkjuna fundust mannvistarleifar frá miðöldum en miklu hafði verið raskað. Athygli vakti hve umfangsmikið minjasvæðið er í túninu kringum Lambhús og þó sérstaklega hve ríkt það er að minjum frá landnámi og miðöldum. Fjöldi gripa (206) fannst við uppgröftinn, leirker, gler, brýni, bökunarhella, kvarnasteinar, brýni, krítarpípur, járn og fleira sem enn er ógreint.

Niðurstöður

Innan reitsins sem breytingartillagan nær til var búið að framkvæma hluta af breytingunum þegar fornleifarannsókn hófst og fylla upp með heimreiðinni með mól og sáust fornleifar þar fara undir austanmegin við svæði A. Fornleifarannsókn fór því aðeins fram á hluta af deiliskipulagssvæðinu en í desember þurfti að grafa niður norðan við heimreiðina þar sem ekki var búið að fylla upp með mól. Fornleifar fundust á svæðinu (G), torf og grjóttveggir og mannvistarlög ásamt gripum. Svæðið G var töluvert raskað af fyrri framkvæmdum og túnasléttun. Minjar náðu ekki niður allt túnið.



Mynd 8 Kortið sýnir skipulagsreitinn og bláa reiti þarf er líkur á mannvistaleifum, blái reiturinn sunnan heimreiðarinnar þarf sérstaklega skoða áður en farið er í framkvæmdir.

Á breytingartillögunni er gert ráð fyrir breytingum við kirkjuna og sunnan við heimreiðina. Er fyrirhugað að stækka bílaplanið í suður. Ekki eru þekktar heimildir um fornleifar á svæðinu en sterkar vísbendingar eru um að þarna sé að finna fornleifar í ljósi þess hve víða minjar eru í Bessastaðalandi. Auk þess má greina á loftmyndum breytingar í jarðveginum sem gefa til kynna að undir sverðinum séu mannvistarleifar auk þess sem þetta er rétt við kirkjugarðinn og á háhryggnum en á honum virðast allstaðar hafa verið byggð til forna. Þarna þyrfti að fara fram rannsókn áður en af framkvæmdum yrði. Minjastofnun Íslands metur hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir mega eiga sér stað.


Ekki er gert ráð fyrir breytinginum á veginum sem fer að forsetabústaðnum en minnt er á þar eru fornleifar samkvæmt rannsókn frá árinu 1998, auk þess liggur garður þarna og skólavegurinn.

Ef legið hefði fyrir fornleifaskráning og mat á túninu norðan heimreiðar hefðu minjar ekki farið forgörðum við framkvæmdina heldur hefði verið hægt að grafa með aðferðum fornleifafræðinnar en ekki rannsaka brotakenndar minjar.


Það er mikilvægt að hafa það í huga að ekki er búið að skrá allar fornleifar í landi Bessastaða og þarf að huga að því ef leggja á stíga eða fara í aðrar framkvæmdir að minjar er finna víða.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.



Deiliskipulag Bessastaðir	0 25 50 100 150 200 metrar	N	Antikva ehf.
			Kortagerð:Ragnheiður Traustadóttir
			Fornleifarannsókn 2018
			Dagsetning:27.júní 2019



Deiliskipulag Bessastaðir Fornleifarannsókn og minjar	012.5255075100metrar	N Kort Nr.2	Antikva ehf.
			Kortagerð:Ragnheiður Traustadóttir
			Fornleifarannsókn 2018 Dagsetning:27.júní 2019

Nr.	453	Bæjarnafn	Bessastaðir	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	212
Svæði		Sveitafélag	Garðabær	Skráningad.	10.09.2018	Skráning	RT
Tegund	Garðlag	Hlutverk	Garður	Flokkur			
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Holtstún		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi				
Lengd	134	Breidd	1,5	Hæð	0,7	Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	353916,8360	GPS N	6406442				
Isnet N	403943,4110	GPS V	2159874	Minjagildi			
Ljósmyndari	ISK	Mótvægisáðgerðir					



Garður rétt sunnan við Bessastaðatjörn sem liggur upp að náttúrulegum hól [725]. Grjóthlaðinn veggur garðsins liggur 134 m í norðvestur - suðaustur upp að hól [725] og breytir þá um stefnu í norðaustur - suðvestur 20 m.

Nr.	454	Bæjarnafn	Bessastaðir	Gömul nr.	GK-210:010	Jarðatalsnr.	210
Svæði	Miðnes	Sveitafélag	Garðabær	Skráningad.	11.09.2018	Skráning	RT-ISK
Tegund	Gata	Hlutverk	Leið	Flokkur			
Sérheiti	Skólavegur	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Holtstún		


Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1500-1900	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Vegna ræktunar		
Leið	Frá Bessastöðum að		Umhverfi	Mói, þýft grasið gróið móasvæði			
Lengd	350	Breidd	5	Hæð	0,2	Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Örnefnaskrá Eyvindastaða 1				
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Anna Ólafsdóttir Björnsson 34			
Isnet E	353710,0690	GPS N	6406427				
Isnet N	403937,12	GPS V	2200087	Minjagildi	Hátt		
Ljósmyndari	ISK	Mótvægisáðgerðir					



Skólavegur lá frá Aurvallarvegi í suðaustur yfir Beitoland að Bessastöðum og hann hélt einnig áfram norðan Aurvallavegar í átt að Landakoti segir í örnefnalýsingu. Skólavegur er einnig merktur á örnefna- og staðháttakort sem Kristján Eiríksson gerði á árunum 1976-1977 eftir örnefnalýsingum frá Álftanesi. Kortið er birt í Álftaness sögu, en þar lá svokallaður Skólavegur vestan Bessastaðatjarnar, vestan við Varpið. Enn sést móta fyrir upphlöðnum vegi sem liggur austur - vestur í móanum. Hann sést á u.þ.b. 180 m löngum kafla þegar svæðið er gengið en á loftmynd er hægt að rekja hann töluvert meira. Búið er að ræsa fram svæðið sem vegurinn liggur eftir. Það er þýft og grasi gróið móasvæði. Vegurinn er allt að 5 m breiður og 0,2 m hár. Grjót er í honum víða, þó aðallega í köntum hans. Hleðslurnar eru mjög úr lagi gengnar. Ekki sjást neinar leifar af honum þegar komið er inná deiliskipulagsreitinn og heldur

Nr.	468	Bæjarnafn	Bessastaðir	Gömul nr.	GK-210:008	Jarðatalsnr.	210
Svæði	Álftanes	Sveitafélag	Garðabær	Skráningad.	10.09.2018	Skráning	RT
Tegund	Heimild	Hlutverk	Landamerki	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti	Lambhúsaveituvörður	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Holtstún		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna ræktunar		
Leið		Umhverfi	Búið er ræsa fram alla mýrina				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Ö-Álftanes, 151, 158				
Mæling	Örnefnakort Álftanes 1976	Heimildir					
Isnet E	353637,0370	GPS N					
Isnet N	403793,766	GPS V		Minjagildi			
Ljósmyndari	Loftmynd	Mótvægisaðgerðir					



Landamerki milli Eyvindastaða og Bessastaða lágu í Lambhúsveitum. Lá lína frá Grásteini, markasteinn á Brekkugranda, og út eftir Lambhúsatjörn miðri. Í örnefnaskrá segir að þar hafi verið markavörður en þær séu nú horfnar. Nú hefur allt svæðið verið framræst og engar vörður er að sjá á vettvangi.